



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skemmdir á útiklefa Sundhallar Reykjavíkur. Tilvísun í mál R19020120.

Á fundi borgarráðs 14. febrúar 2019 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

"Óskað er upplýsinga varðandi skemmdir á útiklefa í Sundhöll Reykjavíkur sem hefur af þeim sökum verið lokaður undanfarið og á þeim frost- og lagnaskemmdum sem orðið hafa í kuldakaflanum í janúar. Þá er óskað upplýsinga um þær rakaskemmdir sem taldar eru vera í nýja inni kvennaklefanum, bilun í loftræsikerfi og þær skemmdir í klæðningu gufubaðs sem leitt hefur til þess að það hefur verið lokað. Hvenær má búast við að viðgerðir hefjist á þessum skemmdum og aðstaðan opnast aftur? Þá er óskað svara við því hver kostnaðurinn er talinn vera við viðgerðirnar."

Svar:

Í kuldakafla í janúar sl. eyðilögðust tvö hitastýrð blöndunartæki, annað í útiklefa kvenna og hitt í útiklefa karla. Keyptir voru varahlutir og gert við blöndunartækin. Viðgerðakostnaður er um 100 þús. kr. Þegar svona kuldakaflar koma þarf að loka fyrir þessi tæki í útiklefum og tæma þau af vatni. Farið hefur verið yfir þetta með rekstraraðila. Klefunum var lokað tímabundið og hafa nú verið opnaðir á ný.

Komið hafa fram rakavandamál í nýja kvennaklefanum nánar tiltekið í innréttingu vaskaborðs með undirskápum og hurðum / körmum fyrir vatnssalernum. Þessi aðstaða er inn af baði og þurrkrými kvennaklefans. Hurðir fyrir skápum vaskaborðs hafa bólgnað út vegna raka. Ákveðið er að setja varanlega stálgrind undir vaskaborð og undirstaða úr timbri verður fjarlægð. Ekki er þörf á lokun vegna þessa en áætlað er að koma stálgrind fyrir þann 26. febrúar n.k. Áætlaður kostnaður við innréttingu vaskaborðs er um 600 þús. kr. Í skoðun er hvernig lagfæringum á hurðum / körmum salerna verður háttáð m.a. með tilliti til umgengis og þrifa.

Til orkusparnaðar og sem lið í umhverfissvottun er loftræsikefi hússins keyrt eftir klukku.

Þannig minnka afköst kerfisins utan opnunartíma. "Bilun" er rakin til þess að kerfið hefur slökkt á sér í næturstillingu þar sem skynjari í loftinntaki hefur í mestu kuldu gefið merki um ísingu. Byrjað verði á tímabundinni breytingu á næturkeyrslu. Auðvelt er með breyta forritun samstæðunnar og er það gert án kostnaðar.

Skemmdir á lofti eimbaðs hafa verið lagaðar og eimbaðið opnað aftur. Ný hurð úr plexigleri í stað glerhurðar ásamt nýjum lömum var komið fyrir milli anddyris og eimbaðsins. Eldri hurðin úr gleri hafði skemmst við notkun. Áætlaður kostnaður skemmda er um 1,8 mkr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds